Nr. 1
3. janúar.

# Lög
um
## lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum landsins má gjöra lögreglusamþykktir.

2. gr.

Í lögreglusamþykktinni skal kveða á um það, sem þykir þurfa að skipa fyrir um, eptir því, sem hagar til á hverjum stað:

a. um reglu og velsæmi á strætum, vegum og svæðum, er almenningur fer um; um allt, sem að því lýtur, að gjöra alla umferð greiða og afstýra farartálma og öllu því, sem hættu getur valdið; um friðun og vernd á almannagripum og eignum; um reglu á veitingahúsum og skemmtistöðum, er almenningur sækir, svo og um almennar skemmtanir, svo sem leiki;
b. um almennt hreinlæti, og takmarkanir á notkun opinna eða lokaðra svæða við stundun ýmsra atvinnuvega, t. a. m. fiskiverkunar, lifrarbræðslu og slátrunar, er heilbrigðis vegna eða af öðrum ástæðum mega teljast nauðsynlegar eða haganlegar o. fl.;
c. um skipun lögregluliðs, er heldur uppi reglu, þá er eldsvoða eða önnur óvanaleg atvik ber að höndum, sem annaðhvort er sjerstaklega leigt til þessa eptir ákvæðum bæjarstjórnarinnar eða á annan hátt;
d. um allt eptirlit, sem lýtur að því, að fyrirbyggja brunahættu og eldsvoða, þar sem eigi þegar eru sett lög og samþykktir um slíkt efni.

3. gr.

Hlutaðeigandi bæjarstjórn býr til frumvarp til samþykktarinnar og skulu vera í henni reglur um, hvernig greiða skuli útgjöld þau til lögreglunnar, er hin ýmsu ákvæði hafa í för með sjer, er gjörð eru. Frumvarpið skal senda amtmanni, og gjörir hann við það þær athugasemdir, er honum þykir við þurfa og sendir það síðan landshöfðingja, er því næst gefur út samþykktina. Nú gjörir amtmaður eða landshöfðingi breytingar við frumvarpið, og skal þá leggja þær fyrir bæjarstjórnina til álita. Þær breytingar, sem

# Lov

om

## Politivedtægter for Kjøbstæderne.

Nr. 1. 3die Januar.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

For Landets Kjøbstæder kan der udfærdiges Politivedtægter.

§ 2.

I Politivedtægten optages de Bestemmelser, som efter de stedlige Forhold anses fornødne:

a. med Hensyn til Iagttagelse af Orden og Velanstændighed paa offentlig Gade, Vej eller Plads, Befordring af fri og uhindret Færdsel, samt Forebyggelse af Ulemper og Hindringer for den offentlige Færdsel og af Alt, hvad der her kan volde Fare, Fredning og Bevarelse af offentlige Indretninger og Ejendomme, Opretholdelse af Orden paa offentlige Beværtnings- og Forlystelsessteder, samt med Hensyn til offentlige Forestillinger saa som Skuespil;

b. angaaende den offentlige Renlighed og den Indskrænkning ved Benyttelsen af aabne eller indelukkede Pladser til adskillige Næringsvejes Drift, saasom Fisketilvirkning, Trankogeri og Slagteri, der af Sundheds- eller andre Hensyn kunne anses nødvendige eller hensigtsmæssige m. m.;

c. angaaende Ordningen af Politikorpser for Ildebrands- og andre overordentlige Tilfælde, enten ved særlig dertil lejet Mandskab efter Kommunalbestyrelsens Bestemmelse eller paa anden Maade;

d. angaaende alt Eftersyn til Forebyggelse af Brandfare og Ildebrand, hvor særlige Love og Vedtægter desangaaende ikke allerede bestaa.

§ 3.

Vedkommende Kommunalbestyrelse udarbejder Udkast til Vedtægten, som skal indeholde Regler for, hvorledes de Udgifter til Politivæsenet blive at udrede, som de forskjellige optagne Bestemmelser medføre. Udkastet indsendes til Amtmanden, som med de Bemærkninger, hvortil han maatte finde Anledning, indstiller Sagen til Landshøvdingen, af hvem Vedtægten derefter udfærdiges. Naar Amtmanden eller Landshøvdingen gjør Forandringer i Udkastet, skulle disse forelægges Kommunalbestyrelsen til Erklæring. De Forandringer, som ikke tiltrædes af Kommunalbestyrelsen, maa ikke optages i Vedtægten.

Nr. 1. bæjarstjórnin fellst ekki á, má eigi setja í samþykktina. Samþykktin skal prentuð á
3. kostnað bæjarins og birt almenningi með því að prentast í B.-deild stjórnartíðindanna.
janúar. Breytingar á samþykktinni skal gjöra og birta á sama hátt sem hina upprunalegu samþykkt.

4. gr.

Samþykktin gildir að öllum jafnaði um allt lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Ef rjett þykir vera að skipa svo fyrir, að ákvæði samþykktarinnar skuli eigi gilda á hlutum af landi því, er heyrir undir lögsagnarumdæmið, annað hvort að nokkru eða öllu leyti, skal þess getið í samþykktinni, svo sem nauðsynlegt er.

5. gr.

Brot gegn samþykktunum varða sektum allt að 100 kr. Börn eldri en 10 ára og yngri en 15 ára skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður, eptir að þau voru orðin fullra 10 ára, gjört sig sek í þessum brotum, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó eigi fleirum vandarhöggum en 15, og sje að öðru leyti farið eptir 30. grein í almennum hegningarlögum, eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, er barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en eigi barninu.

Ef einhver lætur það ógjört, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gjöra þetta, eða gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gjörir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af afbrotamanninum, eða, ef hann er eigi fær um það, af bæjarsjóði.

6. gr.

Mál er rísa út af brotum á samþykktunum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar fyrir brot á þeim renni í hlutaðeiganda bæjarsjóð.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 3. janúar 1890.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 1. Lög 3. jan. um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Vedtægten trykkes paa Kommunens Bekostning, og bringes til almindelig Kundskab ved Indrykkelse i Regjeringstidendens Afdeling B. Forandringer i Vedtægten tilvejebringes og offentliggjøres paa samme Maade som den oprindelige Vedtægt. Nr. 1. 3die Januar.

§ 4.

Vedtægten gjælder i Almindelighed for hele Kjøbstadens Jurisdiktion. Er der Dele af det under Jurisdiktionen hørende Territorium, med Hensyn til hvilke der findes Anledning til at fastsætte, at Vedtægtens Bestemmelser i det Hele eller tildels ikke bør finde Anvendelse paa samme, bliver det Fornødne herom at bemærke i Vedtægten.

§ 5.

Forseelser mod Vedtægterne straffes med Bøder indtil 100 Kr. Børn over 10 og under 15 Aar, som tidligere, efter at have fyldt det 10de Aar, have gjort sig skyldige i en saadan Forseelse, eller have udvist en særdeles vanartig Adfærd, straffes med Ris, dog ikke over 15 Slag, og iøvrigt under Jagttagelse af den almindelige Straffelovs § 30 eller med simpelt Fængsel indtil 8 Dage. Dersom den af et Barn begaaede Forseelse maa tilskrives Mangel paa behørigt Tilsyn af Forældre eller Andre, der træde Barnet i Forældres Sted, ville disse og ikke Barnet være at straffe for Forseelsen.

Naar Nogen undlader, hvad der ifølge Vedtægterne paahviler ham, kan Politimesteren foranstalte det udført eller træffe fornøden Foranstaltning til at forhindre, at Forsømmelsen afstedkommer Skade. Omkostningerne herved blive, ligesom de Omkostninger, der foranlediges ved Foranstaltninger, som af Politimesteren træffes for at forhindre Overtrædelse af Vedtægternes Forbudsbestemmelser, at udrede af den Skyldige eller, forsaavidt han ikke dertil er i Stand, af Kommunens Kasse.

§ 6.

Sager angaaende Overtrædelser af Vedtægterne behandles som offentlige Politisager. Alle Bøder, som idømmes for Forseelser imod Vedtægterne, tilfalde vedkommende Kjøbstads Kæmnerkasse.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 3die Januar 1890.**

Under Vor kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*